

61

Auglýsing

Það kunngjörist hjermeð, að 1. júlí næstkomandi verður lögð niður póstatgreiðslan á Rauðkollsstöðum í Miklaholtshreppi, og kemur þá í hennar stað brjefhirðing í Gröf í sama hreppi.

Reykjavík 25. júní 1900.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

62

Samþykkt

um hreinsun hunda af bandormum í Norðurmúlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal sjá um að allir hundar í hreppnum sjeu hreinsaðir, að minnsta kosti tvisvar á ári, vor og haust. Kostnaður við meðöl, bönd og baðlyf greiðist úr sýslusjóði.

2. gr.

Til hreinsunar hunda skal nota annaðhvort kamaladupt eða arekadupt.

3. gr.

Þá er hreinsuninni er lokið, skal baða hundana úr sterku maurdrepanði baði (t. d. 1 peli creolin móti 9 pottum vatns).

4. gr.

Hreppsnefndin skal, að lokiuni seinni hreinsun, gefa oddvita sýslunefndarinnar nákvæma skýrslu um tölu hunda og lækningu á þeim. Skal skýrslan send fyrir 31. desember ár hvert.

5. gr.

Ómerktir flækingshundar, sem enginn vill taka að sjer, skulu rjettdræpir.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari eða fyrirskipunum samkvæmt henni, varða 5—10 kr. sektum, að svo miklu leyti sem þyngri refsing er eigi lögð við þeim að lögum. Með mál útaf brotum gegn fyrirsmælum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

7. gr.

Samþykkt um hreinsun hunda af bandormum í Norðurmúlasýslu, dags. 16. maí 1899, er með samþykkt þessari numin úr gildi.